

# RÍKISSAKSÓKNARI

RÍKISENDURSKOÐUN	Lö/LS/GRL	7.00
02. okt. 2012		
12100014		

SJF/

Reykjavík, 1. október 2012

Tilvísun ríkissaksóknara: 201210-0619

Með hliðjón af því sem fram kom á fundi ríkissaksóknara með ríkisendurskoðanda og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, um framkvæmd laga nr. 162/2006 um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, sem haldinn var 25. september sl., vill ríkissaksóknari benda á eftirfarandi atriði til leiðbeiningar um meint brot á lögnum sem sætt geta lögreglurannsókn:

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 162/2006 er fjallað um skyldu frambjóðenda til að gera uppgjör fyrir kosningaráttu sína, en í 3. mgr. 10. gr. kemur fram að frambjóðendur séu undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur eða heildarkostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 400.000 kr. Þessi fjárhæð var 300.000 kr. fram að gildistöku laga nr. 119/2010 þann 1. október 2010. Um þetta atriði segir í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 119/2010:

*„Loks er í greininni lagt til að viðmiðunarfjárhæð vegna undanþágu frá uppgjörsskyldu hækki úr 300.000 kr. í 400.000 kr. til samræmis við verðlagshækkunar sem orðið hafa frá gildistöku laganna 1. janúar 2007 og til dagsins í dag.“*

Þegar horft er til tilgangsins með því að hækka viðmiðunarfjárhæðin, og með hliðsjón af ákvæðum 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, telur ríkissaksóknari að líta beri svo á að hærri upphæðin eigi við um frambjóðendur í prófkjörum vegna sveitastjórnarkosninga 29. maí 2010.

Þá kemur fram í 11. gr. að frambjóðendur skuli skila Ríkisendurskoðun árituðum reikningum sínum eigi síðar en þremur mánuðum frá því að kosning fór fram. Sá frestur var sex mánuðir fyrir gildistöku laga nr. 119/2010. Í athugasemdum með 12. gr. frumvarps að lögum nr. 162/2006, sem síðar varð 11. gr., segir:

*„Í greininni er lögð sú skylda á frambjóðendur í persónukjöri og frambjóðendur í prófkjörum að skila uppgjörum til Ríkisendurskoðunar innan sex mánaða frá lokum kosningabaráttu.“*

Af þessu má ráða að fresturinn til að skila árituðum reikningum til Ríkisendurskoðunar byrji að líða þegar kosning í prófkjöri hefur farið fram. Tímalengd frestsins var 6 mánuðir þegar prófkjör vegna sveitastjórnarkosninga 29. maí 2010 fóru fram og við þann frest ber að miða vegna mála sem varða þær kosningar, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. laganna hljóðar svo:

*„Hver sem skilar ekki upplýsingum eða skýrslum samkvæmt ákvæðum laga þessara til Ríkisendurskoðunar innan tilgreindra tímamarka skal sæta sektum. Sama gildir séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur.“*

Póstfang:  
Hverfisgata 6  
150 Reykjavík

Sími:  
530-1600  
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:  
530-1606

Kennitala:  
530175-0229

Sú háttsemi að skila ekki inn tilkynningu/yfirlýsingu um að heildarkostnaður viðkomandi frambjóðanda hafi verið undir þeim mörkum sem 3. mgr. 10. gr. tiltekur getur að mati ríkissaksóknara ekki varðað refsingum þar sem löggin leggja ekki þá skyldu á frambjóðendur að skila inn slíkum upplýsingum.

Fyrir gildistöku laga nr. 119/2010 hljóðaði refsákvæði laga nr. 162/2006 svo:

*„Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fésektum, en alvarleg brot geta varðað fangelsi allt að sex árum.“*

Ríkissaksóknari telur einsýnt að meint brot á ákvæðum 2. mg. 12. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr., laga nr. 162/2006, vegna sveitastjórnarkosninga 29. maí 2010, geti einungis varðað sektum og um fyrningu þeirra fari skv. 1. tl. 1. mgr. 81. gr., sbr. 1. mgr. 82. gr., almennra hegningarlaga. Brotin fynast því á tveimur árum frá því að frestur til að skila inn tilskyldum gögnum skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 162/2006 rann út, sbr. umfjöllun um það atriði hér að framan.

Við mat á því hvort Ríkisendurskoðun vísar málum vegna meintra brota á 2. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr., laga nr. 162/2006, sem ekki teljast fyrnd skv. ofangreindu, til lögreglu telur ríkissaksóknari rétt að litið verði til þess hvort ætla megi að kostnaður frambjóðanda í prófkjöri hafi farið yfir 400.000 kr. með hliðsjón af stærð sveitarfélagsins/kjördæmisins, umfangi prófkjörsbaráttu eða öðrum þáttum, og frambjóðandi hafi ekki skilað inn tilskyldum gögnum eða upplýsingum.

  
Sigríður J. Friðjónsdóttir



Ríkisendurskoðandi

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu